

Útlendingastofnun
06 398

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Útlendingastofnun

kt. 670269-6399

Dalvegur 18, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins. Umfangsmesti þátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa. Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, vegabréfsáritanir og umsóknir um alþjóðlega vernd. Þar fyrir utan sinnir Útlendingastofnun margvíslegum verkefnum á sviði útlendingamála og á þar af leiðandi mikið og gott samstarf við stofnanir á hinum ýmsu sviðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 697,8 milljónir og afkoma kr. -0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 14,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 138,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Útlendingastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Útlendingastofnunar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Kristín Völundardóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	552.300.000	547.900.000
Seld þjónusta		29.393	573.024
Framlög og ýmsar tekjur	3	139.814.612	100.454.695
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	5.609.465	4.592.292
Tekjur samtals		<u>697.753.470</u>	<u>653.520.011</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	523.820.500	509.425.160
Annar rekstrarkostnaður	5	168.762.839	153.244.501
Afskriftir	6	5.609.465	4.592.292
Gjöld samtals		<u>698.192.804</u>	<u>667.261.953</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(439.334)	(13.741.942)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(147.760)	(38.137)
		<u>(147.760)</u>	<u>(38.137)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(587.094)</u></u>	<u><u>(13.780.079)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	<u>1.000.385</u>	<u>1.723.621</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		20.558.080	17.734.647
Aðrar eignir		914.516	0
Verk í vinnslu		<u>0</u>	<u>39.780</u>
		<u>21.472.596</u>	<u>17.774.427</u>
Fastafjármunir samtals		<u>22.472.981</u>	<u>19.498.048</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9	17.726.490	0
Viðskiptakröfur		3.140	5.600
Tengdir aðilar	10	65.962.200	82.496.800
Handbært fé	11	<u>32.563.823</u>	<u>10.364.497</u>
Veltufjármunir samtals		<u>116.255.653</u>	<u>92.866.897</u>
Eignir samtals		<u>138.728.634</u>	<u>112.364.945</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>14.641.182</u>	<u>15.228.276</u>
Eigið fé samtals		<u>14.641.182</u>	<u>15.228.276</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	19.639.798	8.207.400
Viðskiptaskuldir		14.114.372	11.775.311
Ýmsar skammtímaskuldir	13	64.865.723	57.604.934
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>25.467.559</u>	<u>19.549.024</u>
Skuldir samtals		<u>124.087.452</u>	<u>97.136.669</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>138.728.634</u>	<u>112.364.945</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(587.094)	(13.780.079)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	5.609.465	4.592.292
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(5.609.465)	(4.592.292)
		<u>(587.094)</u>	<u>(13.780.079)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		2.460	(3.820)
Tengdir aðilar		30.910.600	3.017.002
Birgðir		(17.726.490)	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.599.850	10.653.055
		<u>22.786.420</u>	<u>13.666.237</u>
		<u>22.199.326</u>	<u>(113.842)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(1.698.486)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(8.730.810)	(3.402.805)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		28.000	15.000
		<u>(8.702.810)</u>	<u>(5.086.291)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Fjárfestingarframlag		8.702.810	5.086.291
		<u>8.702.810</u>	<u>5.086.291</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		22.199.326	(113.842)
		<u>10.364.497</u>	<u>10.478.339</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>32.563.823</u>	<u>10.364.497</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, (frh.)

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	552.300.000	547.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	5.609.465	4.592.292
	<u>557.909.465</u>	<u>552.492.292</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	548.500.000	0	0	548.500.000
Millifært úr varasjóð	3.800.000	0	0	3.800.000
Fjárveiting til tekna	552.300.000	0	0	552.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(552.887.094)	0	0	(552.887.094)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(587.094)	0	0	(587.094)

2021 2020

3 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	131.289.920	94.765.926
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	7.092.247	5.097.891
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.322.266	121.990
Ýmsar tekjur	110.179	468.888
	<u>139.814.612</u>	<u>100.454.695</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	415.971.633	400.880.496
Orlof, breyting	7.260.789	12.472.438
Launatengd gjöld	93.810.718	90.985.056
Starfsmannakostnaður	6.777.360	5.087.170
	<u>523.820.500</u>	<u>509.425.160</u>

Meðalfjöldi stöðugilda

45,9

45,0

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	628.230	1.175.035
Byggingarvörur, almennar	65.429	12.215
Byggingarvörur, aðrar	36.920	0
Tæki og búnaður til innréttinga	116.280	5.280
Ýmis tæki og áhöld	771.408	1.361.470
Orkugjafir	2.808.139	3.030.128
Matvæli	7.369.543	7.289.750
Almennar rekstrarvörur	828.543	1.522.390
Vörukaup, almenn	<u>12.624.492</u>	<u>14.396.268</u>
Rannsóknarstofuefni	46.877	0
Kennslu- og föndurvörur	0	5.540
Ýmsar sérgreindar vörur	11.400.852	15.615.459
Vörukaup, sérgreind	<u>11.447.729</u>	<u>15.620.999</u>

Skýringar

	2021	2020
5 Annar rekstrarkostnaður (frh.)		
Fundur, námskeið, risna	730.672	325.014
Ferðir, uppihald	420.599	1.354.084
Akstur	793.510	663.491
Sérfræðiþjónusta	55.440.102	40.571.373
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	485.488	392.059
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.743.607	1.346.164
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	7.290.992	5.977.043
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	66.904.970	50.629.228
Afnotagjöld	7.854.337	6.450.794
Leigugjöld	41.886.611	37.205.478
Notkun véla og flutningatækja	58.000	0
Verkkaup	2.523.185	2.886.559
Kostnaðarhlutdeild	25.463.515	26.000.126
Opinber gjöld	0	55.049
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	77.785.648	72.598.006
Annar rekstrarkostnaður samtals	168.762.839	153.244.501
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.815.697	3.805.019
Aðrar eignir	70.532	0
Söluþap og úreltar eignir	0	288.631
Niðurfærsla óefnislegra eigna	723.236	498.642
	5.609.465	4.592.292
	31.12.2021	31.12.2020
7 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	1.000.385	1.723.621
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		2.484.150
		2.484.150
Niðurfært 01.01.2021		760.529
Niðurfærsla ársins		723.236
		1.483.765
Staða 31.12.2021		1.000.385

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	20.558.080	17.734.647
Aðrar eignir	914.516	0
	<u>21.472.596</u>	<u>17.734.647</u>
Verk í vinnslu	0	39.780
	<u>0</u>	<u>39.780</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	28.531.168	0	28.531.168
Viðbætur á árinu	7.745.762	985.048	8.730.810
Selt/úreitt á árinu	(106.632)	0	(106.632)
	<u>36.170.298</u>	<u>985.048</u>	<u>37.155.346</u>
Afskriftir 01.01.2021	10.796.521	0	10.796.521
Afskrift ársins	4.815.697	70.532	4.886.229
	<u>15.612.218</u>	<u>70.532</u>	<u>15.682.750</u>
Staða 31.12.2021	<u>20.558.080</u>	<u>914.516</u>	<u>21.472.596</u>

	31.12.2021	31.12.2020
9 Birgðir		
Rekstrarvörubirgðir	17.726.490	0
	<u>17.726.490</u>	<u>0</u>

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	63.562.712	82.010.447
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	2.399.488	486.353
	<u>65.962.200</u>	<u>82.496.800</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	19.639.798	8.207.400
	<u>19.639.798</u>	<u>8.207.400</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	176.841	658.687
Tékkareikningar	32.386.982	9.705.810
	<u>32.563.823</u>	<u>10.364.497</u>

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	15.228.276	29.008.355
Afkoma ársins	(587.094)	(13.780.079)
Jöfnuður 31.12.	14.641.182	15.228.276

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	64.865.723	57.604.934
	64.865.723	57.604.934

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	22.472.981	19.498.048
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.994.578	50.976
	25.467.559	19.549.024

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	19.498.048	50.976	19.549.024
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	11.500.000	11.500.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	28.000	28.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.730.810	(8.730.810)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, leiðrétting	(146.412)	146.412	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(5.609.465)	0	(5.609.465)
	22.472.981	2.994.578	25.467.559

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 6,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til júlí 2026, rekstrar- og þjónustusamninga auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 39,9 milljón, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 1,4 milljón og vegna annara samninga kr. 19,1 milljón.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.